



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 22. febrúar 2018

Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun - Lánasjóður sveitarfélaga

Málsnr. 1902448

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.250 milljónum króna alls.

Gert er ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili að fjárhæð 400 milljónir króna vegna lokaáfangna framkvæmda. Hafnarfjarðarkaupstaður er með leigusamning vegna hjúkrunarheimilis til 40 ára til að mæta afborgunum lána.

Einnig er gert ráð lántöku vegna fjármögnunar á kaupum íbúða Húsnæðisskrifstofu fyrir 500 milljónir króna og loks er gert ráð fyrir lántöku vegna fjármögnunar á öðrum verkefnum að fjárhæð 350 milljónum króna.

Lagt er til að sækja um lánsloforð hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna ofangreindrar lántöku.

Jafnframt er lagt til að ganga nú frá lántöku í lánaflokki LSS55 fyrir framkvæmdum hjúkrunarheimilis að fjárhæð 400 milljónum króna og í ljósi hagstæðra kjara er einnig lagt til að ljúka 500 milljóna króna lántöku vegna kaupa á íbúðum Húsnæðisskrifstofu eða 900 milljónir króna alls. Lánin eru til 36 ára og henta því vel í langtímafjármögnun sem þessa en þau eru jafnframt uppgreiðanleg eftir 26 ár. Lánin eru með jöfnum afborgunum, verðtrygð og með föstum vöxtum 2,5% og er ávöxtunarkrafan nú 2,45% sem er sögulegt lágmark.

Fyrirhuguð lán að fjárhæð 350 milljóna króna vegna annarra framkvæmda verða tekin síðar á árinu þegar og ef þess verður þörf.

Tillaga að bókun á fundi bæjarráðs 28. febrúar 2019:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarkaupstaðar sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð 396.284.578.- krónur með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055, í samræmi við samþykktu skilmála að lánsamningi sem liggur fyrir fundinum.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstólsfjárhæðinni, uppgreiðslugjaldi, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu hjúkrunarheimilis sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til



HAFNARFJÖRÐUR

Þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar, kt. 570790-1029, sem er 100% í eigu Hafnarfjarðarbæjar taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð 495.355.723 krónur með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055, í samræmi við samþykktu skilmála að lánasamningi sem liggur fyrir fundinum og jafnframt að veita einfalda ábyrgð vegna lántökunnar. Ábyrgð þessi er veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að auki er samþykkt að veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ábyrgðin tekur til greiðslu höfuðstóls láns þessa, uppgreiðslugjaldi ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar. Lánið er tekið til fjármögnunar á íbúðakaupum húsnæðisskrifstofu, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Hafnarfirði 22. febrúar 2018
Rósa Steingrímsdóttir
Sviðsstjóri fjármálasviðs